

## LÖG

um

60  
14. júní**varnir gegn berklaveiki.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Að Vér samkvæmt 3. gr. laga, dags, í dag, um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, höfum látið fella breytingarnar og texta laganna frá 1927, 1. og 2. gr., inn í meginmál aðallaganna frá 1921, og gefum þau út svo breytt sem lög um varnir gegn berklaveiki.

## 1. gr.

Ákvæði þessara laga taka til allra tegunda berklaveikinnar, nema annað sé tekið fram.

## 2. gr.

Héraðslæknar skulu halda bók yfir alla berklaveika, er læknir rannsakar í héruðum þeirra, hvort sem þeir sjálfir rannsaka þá eða aðrir löggiltir læknar.

Hinir síðartöldu eru skyldir að senda héraðslækni sínum tafarlaust skýrslu um hvern berklaveikan sjúkling, er þeir sjálfir rannsaka í fyrsta sinni. Ef um utanhéraðssjúkling er að ræða, þá sendir hann aftur héraðslækni sjúklingsins skýrsluna. Skýrslu þessa skal senda á sérstöku eyðublaði, er þeir fá frá heilbrigðisstjórninni. Fyrir hverja tilkynningu fá þeir 3 krónur úr ríkissjóði, sem viðkomandi héraðslæknir greiðir þeim eftir hver áramót.

Um hver áramót skulu héraðslæknar senda landlækni útdrátt úr framangreindri bók. Landlæknir ákveður fyrirkomulag á henni, skýrslum héraðslækna og annara löggiltra lækna.

## 3. gr.

Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er þeir rannsaka, leiðbeiningar um og brýna fyrir þeim hvernar varúðar þurfi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

Héraðslæknar skulu hafa eftirlit með og gera frekari ráðstafanir til þess að nauðsynlegum fyrirskipunum sé framfylgt, ef þeim þurfa þykir.

60

14. júní

## 4. gr.

Nú deyr berklaveikur maður, og skal þá húsráðandi tilkynna það tafarlaust, í kaupstöðum héraðslækni, en í sveitum héraðslækni eða sóttthreinsunarmanni. Sóttthreinsunarmaður tilkynnir þá héraðslækni. Skal héraðslæknir annast um, að tafarlaust sé sóttthreinsað á heimilinu herbergi þau, fatnaður og annað, er hann telur hættu geta stafað af. Þessa lausu muni má því ekki láta af hendi, hvorki til eignar né afnota, senda í þvott eða aðgerð, nema sóttthreinsaðir hafi verið.

Nú skiftir berklaveikur maður um dvalarstað, og skal þá tilkynna það á sama hátt og fyr var sagt um andlátíð. Má ekki fá öðrum til íbúðar herbergi þau, er hann flutti úr, fyr en þau hafa verið sóttthreinsuð, nema héraðslæknir telji sóttthreinsun óþarfa.

## 5. gr.

Enginn, sem hefir smitandi berkla, má fást við barnakennslu. Hver sá, er sækir um barnakennarastöðu, skal sýna læknisvottorð um að svo sé ekki. Vottorð þetta má ekki vera eldra en mánaðargamalt, og skal endurnýja það árlega.

Sama gildir um kennara þá, er kenna eiga í öðrum skólum, ef þá skóla sækja nemendur yngri en 14 ára. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði að því er til þessara skóla kemur, enda sé það í samráði við og eftir tillögum skólalæknis og skólastjórnarinnar.

Enginn má taka börn til kennslu nema hann hafi til þess fengið skriflegt leyfi frá yfirvaldi, og skal það leyfi ekki veitt nema hann sýni læknisvottorð um, að hann sé ekki með smitandi berkla, og má vottorð það ekki vera eldra en mánaðargamalt. Nú er maður ráðinn á heimili til að kenna börnum, og skal húsráðandi þá heimta þetta vottorð af honum, ella verður hann brotlegur gegn lögum þessum.

Nú sýkist barnakennari af smitandi berklum, og skal hann þá tafarlaust láta af starfi sínu.

Nú sýkist maður, er barnakennslu hefir á hendi, og leikur grunur á, að um berklaveiki sé að ræða, skal þá skólanefnd, fræðslunefnd eða húsráðendur þeir, er hlut eiga að máli, tafarlaust skýra héraðslækni eða lækni þeim, er eftirlit hefir með skólanum, frá grun sínum. En hann ákveður, eftir rannsókn, hvort ástæða sé til að láta manninn hætta kennslu.

Hver sá læknir, sem kemst að því, að barnakennari sé sjúkur af smitandi berklum, skal skyldur að tilkynna það eftirlitslækni skólans.

Þeir barnakennarar, sem eru opinberir starfsmenn, en verða að láta af kennslu sakir sjúkleiks þessa, skulu í 2 ár fá sem biðlaun  $\frac{2}{3}$  hluta launa þeirra er þeir nutu, þegar þeir létu af kennslu. Biðlaun þessi greiðast af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum sem hin fyrri launin.

Engan má ráða starfsmann við heimavistarskóla, nema hann uppfylli sömu skilyrði, sem að framan eru sett um kennara. 60 14. júní

#### 6. gr.

Ef kennari við aðra skóla en barnaskóla er sjúkur eða sýkist af smitandi berklum, þá getur heilbrigðisstjórnin í samráði við stjórn skólans fyrirskipað, að hann hætti starfi sínu, enda leiti hún fyrst álits skólalæknis eða héraðslæknis, ef enginn annar er læknir skólans. Nú verður kennari að láta af kennslu fyrir þessar sakir, og fer þá um biðlaun hans eins og sagt er í 5. gr.

#### 7. gr.

Engan nemanda má taka í skóla, nema vottorð skólalæknis eða annars læknis sýni, að hann hafi ekki smitandi berklaveiki. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Engan má heldur taka til kennslu inn á heimili, þar sem börn eru fyrir, nema læknisvottorð sýni, að hann hafi ekki smitandi berkla.

Á heimili þar sem sjúklingar eru með smitandi berkla, má ekki taka barn til kennslu.

#### 8. gr.

Ný sýkist barn af smitandi berklum meðan á námstíma stendur, og skal þá tafarlaust taka það úr skólanum. Ef kennari fær grun um slíkt, er hann skyldur til þess að gera eftirlitslækni skólans aðvart og getur til bráðabirgða vísað barninu burtu, ef læknisúrskurður fæst ekki nógu fljótt.

Hver sá læknir, sem kemst að því, að nemandi, sem gengur í skóla, er sjúkur af smitandi berklum, skal skyldur að tilkynna það tafarlaust eftirlitslækni skólans. Getur þá eftirlitslæknir vísað sjúklingnum burt af kennslustaðnum, ef honum þykir ástæða til.

#### 9. gr.

Engin kona má fást við ljósmóðurstörf, ef hún hefir smitandi berkla. Skal hún sýna læknisvottorð um að svo sé ekki, og ber að endurnýja vottorðið árlega. Héraðslæknum ber að ganga ríkt eftir, að þessu ákvæði sé framfylgt.

Nú sýkist starfandi ljósmóðir af smitandi berklum, og skal hún þá tafarlaust hætta að gegna því starfi. Ef hún er launuð af opinberu fé, þá skal greiða henni biðlaun fyrir sama tíma og á sama hátt og um getur í 5. gr.

#### 10. gr.

Enginn má taka barn til fósturs né dvalar, ef sjúklingur með smitandi berkla er á heimilinu. Gildir þetta ákvæði jafnt um þau börn, sem sveitarstjórnir ráðstafa og einstakir menn,

**60** Barn, sem hefir smitandi berkla, má ekki taka á heimili, þar 14. júnísem börn eru fyrir, hvorki til fósturs né dvalar, nema börnin, sem fyrir eru, séu sjúk af smitandi berklum.

Sveitarstjórnir mega ekki koma fyrir börnum á öðrum heimilum en þeim, sem héraðslæknar telja ósýkt af smitandi berklum. Sömu skyldur hafa og forráðamenn munaðarlausra eða ómyndugra barna.

Nú kemur smitandi berklaveiki upp á heimili, þar sem barn hefir verið tekið til fósturs eða dvalar, og skal þá tafarlaust gera annað tveggja, flytja barnið eða sjúklinginn burt af heimilinu.

Ef barnið sjálft sýkist af smitandi berklum á heimili, þar sem börn eru, skal það tafarlaust tekið af heimilinu.

Börn nefnast í lögum þessum allir, sem ekki eru fullra 14 ára nema annað sé tekið fram.

#### 11. gr.

Ekki má ráða starfsfólk við barnaspítala eða barnahæli, nema læknisvottorð sýni, að það hafi ekki smitandi berkla. Vottorð þetta má ekki vera eldra en mánaðar gamalt og skal endurnýja það árlega.

Konur, sem hafa smitandi berkla, mega ekki vistast á heimili, þar sem börn eru, né fást þar við sjúkrahjúkrun.

#### 12. gr.

Ekki má selja mjólk frá heimilum, ef sjúklingur með smitandi berkla fæst þar við búhirðingu eða mjaltir eða fer með mjólkurílát.

Enginn sjúklingur með smitandi berkla má vinna að útsölu mjólkur eða brauðs né starfa á rjóma- eða smjörbúum.

Banna má að sjúklingur með smitandi berkla starfi að brauðgerð, matreiðslu, matsölu á opinberum stöðum eða annarsstaðar, eftir því sem til hagar og héraðslækni þykir ástæða til.

#### 13. gr.

Nú sýkist maður af smitandi berklum á heimili þar sem börn eru, og skal þá tafarlaust koma sjúklingnum í burtu, nema héraðslæknir eða læknir heimilisins ásamt héraðslækni telji ástæður þannig, að börnunum geti engin smitunarhætta stafað af sjúklingnum.

Ef ekki er unnt að koma sjúklingnum burt, þá skal taka börnin af heimilinu.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að aðstoða héraðslækna og sjá um framkvæmdir á fyrirskipunum þeirra, ef þeir æskja þess.

Nú vilja þeir, sem hlut eiga að máli, ekki hljóða fyrirskipunum héraðslæknis, og kveður hann sér þá til aðstoðar eitthvert ofangreindra stjórnarvalda, er annast um að sjúklingurinn, ef hann er innan 16 ára,

sé tafarlaust tekinn af heimilinu, ella börnin, jafnvel þótt það mæti 60  
mótspyrnu af hálfu heimilismanna. En ekki skal héraðslæknir fyrirskipa 14. júní  
þess konar ráðstafanir, nema að hann telji mikla hættu á, að börnin  
verði fyrir smitun, enda hafi til þess samþykki hlutaðeigandi sveitar-  
stjórnar eða bæjarstjórnar, og leggur hann ætíð þær ráðstafanir undir  
úrskurð heilbrigðisstjórnar ríkisins, hvort standa skuli til frambúðar.

Allur ferða- og flutningskostnaður, sem leiða kann af fram-  
kvæmdum valdboðs þessa, greiðist úr ríkissjóði.

#### 14. gr.

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist eða styrk til  
vistar á heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna, ef hann eða  
sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnun búinn, að ætla má,  
að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi  
ætti hann að standa straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir. Til  
þessa kostnaðar telst einnig lyf og læknishjálp.

Nú getur sjúklingur ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er  
komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. eða 13. greinar,  
og getur hann þá fengið ókeypis vist eða styrk til vistar, sé efnahag  
hans varið sem að ofan greinir. Sömu reglum skal fylgt um meðgjöf  
barna, ef þau eru tekin heilbrigð að heiman samkvæmt fyrirmælum  
13. greinar.

Stjórnarráðið getur ákveðið, að berklasjúklingar í hressingar-  
hælum fái ókeypis vist eða styrk til vistar þar. Það getur og eftir  
ástæðum ákveðið, að ljóslækningasjúklingar og aðrir berklasjúklingar,  
er dvelja utan sjúkrahúss, njóti sömu hlunninda að því er lækninga-  
kostnaðinn snertir.

Allur sá kostnaður, er hér er greindur, greiðist úr ríkissjóði,  
en sérhvert sýslufélag og bæjarfélag greiði upp í hann gjald til  
ríkissjóðs, er nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lög-  
sagnarumdæminu. Fari gjald þetta fram úr  $\frac{2}{5}$  kostnaðar við berkla-  
varnir, vegna sjúklinga þeirra, er dvöl áttu í héraðinu, skal endurgreiða  
úr ríkissjóði það, sem umfram verður. Ennfremur greiði sjúkrasamlag  
fyrir meðlimi sína áskilið gjald, sbr. 15. gr. Eindagi gjaldsins er 15. ágúst  
ár hvert.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra,  
er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það skal og semja fyrirfram  
fyrir hálf t eða heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um  
kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Stjórnarráð-  
inu er og rétt að setja reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkis-  
sjóður greiðir.

Þeir sjúklingar, sem eru að einhverju leyti vinnufærir, skulu skyldir  
til að taka þátt í þeim störfum á heilsuhælum, hressingarhælum og

**60** sjúkrahúsum, sem þeir að dómi læknis eru færir um að inna af hendi.  
 14. júní Yfirlæknir ákveður borgun fyrir slík störf, með hliðsjón af kaupgjaldi í því héraði, enda gangi sú greiðsla að einhverju eða öllu leyti upp í dvalarkostnað sjúklingsins. Verði ágreiningur um kaup eða annað, þá sker stjórnarráðið úr.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattnefnd dvalarsveitar sjúklings sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal héraðslæknir meta og gefa vottorð um það, hvort sjúklingur þarfnist sjúkrahúss- eða hælsvistar og sé styrkhæfur vegna sjúkdóms síns. Gefi aðrir læknar slík vottorð, skulu þau þó tekin gild, en ekki skal af opinberu fé greiða hærra gjald fyrir þau eða meðferð þessara lækna á sjúklingnum en eftir gjaldskrá héraðslækna. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hér á landi, og skal þá efnahags skýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattnefnd þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrkþegi.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum föngum, hvort sjúklingurinn sé styrkhæfur og að hve miklu leyti.

Stjórnarráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um læknisvottorð, um efnahagsskýrslur berklasjúklinga, svo og um skýrslur, vottorð og reikninga frá sjúkrahúsum, heilsuhælum og öðrum lækningastöðum, og um annað það, er þurfa þykir til úrskurðunar í upphafi um styrkhæfi berklasjúklinga eða til úrskurðunar um framhaldsstyrk handa þeim.

#### 15. gr.

Nú er sjúklingur félagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða upp í meðlagskostnaðinn  $\frac{2}{3}$  hluta hans, þó ekki yfir 2 kr. á dag meðan meðlagstíminn varir, og ekki lengur en sjúklingur hefir rétt til styrks samkvæmt lögum félagsins, enda láti samlagið sjúklinga njóta sömu réttinda og aðra sjúklinga.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þess, ef um kostnað af ráðstöfun samkvæmt 10. eða 13. gr. er að ræða.

#### 16. gr.

Engan þann styrk, sem berklaveikur sjúklingur nýtur af opinberu fé, ef hann hefir orðið styrkþurfi vegna sjúkdómsins, má telja fátækrastyrk, enda sé hann ekki afturkræfur, nema sjúklingurinn sjálfur eða aðstandendur hans séu þess megnugir að greiða hann að einhverju eða öllu leyti.

Undanteknir þessum hlunnindum skulu þeir sjúklingar, sem þrjúskast við að verða við áskorun héraðslæknis um dvöl í hæli eða

sjúkrahúsi. Einnig þeir, sem sýna megent kæruleysi um smitun annara manna, þrátt fyrir aðvaranir læknis. 60  
14. júní

#### 17. gr.

Stjórnarráðið setur, í samráði við landlækni, reglur um hrákailát og ræstingu í vinnustofum, verksmiðjum, skrifstofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum, svo sem kirkjum, skólum, leikhúsum, kvikmyndahúsum, danssölum og því um líku, opinberum byggingum og farþega- skipum. Ennfremur reglur um flutning berklaveikra á farþegaskipum.

Heilbrigðisnefndir skulu, undir yfirumsjón héraðslæknis, hafa gát á því, að þessum reglum sé fylgt. Á þeim stöðum, þar sem heilbrigðisnefndir eru ekki til, skulu hreppsnefndir gera það.

Eftirlit með farþegaskipum hefir þó landlæknir sjálfur, eða annar, er heilbrigðisstjórnin setur til þess.

#### 18. gr.

Nú þarf héraðslæknir að taka sér ferð á hendur vegna fyrirmæla laga þessara, og greiðir þá sýslusjóður ferðakostnaðinn, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn.

Kostnaður við sóttþreinsanir, svo og við að útvega bækur þær og eyðublöð, er getur um í 2. gr., greiðist úr ríkissjóði.

#### 19. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10 til 500 krónum, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

#### 20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 23. okt. 1903, um varnir gegn berklaveiki, lög nr. 44, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki og önnur ákvæði er fara í bága við lög þessi.

#### 21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*